

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 128/1385*  
*komudagur 29.2.2003*

Félagsmálanefnd Alþingis  
150 Reykjavík

Reykjavík 25. febrúar 2003

**Efni. Umsögn á tillögu til þingsályktunar um könnun á umfangi fátæktar**



Starfsgreinasamband Íslands er þeirrar skoðunar æskilegt sé að gera ítarlega úttekt á fátækt á Íslandi. Í tillögum flutningsmanna er gert ráð fyrir því að gerð verði úttekt á umfangi, orsökum og afleiðingum fátæktar. Ljóst er að fátækt hefur aukist á síðustu árum og mikilvægt sé að gera sér grein fyrir ástæðum þess svo hægt sé að hjálpa þeim einstaklingum og fjölskyldum sem öryggisnet núverandi velferðarkerfis nær ekki að bjarga.


Á síðustu vikum og mánuðum hefur verið mikil umræða um fátækt á Íslandi, en slík umræða er af hinu góða. Því miður eru niðurstöður þeirra sem hafa skoðað fátækt ekki alltaf samhljóða, en niðurstaðan er þó sú að fátækt hefur aukist. Ýmsir þeirra mælikvarða sem notaðir eru til að mæla fátækt eru því miður meingallaðir og gefa ekki alltaf sanna mynd af stöðu mála. Sumir þeirra taka ekkert tillit til framfærslu heldur mæla í raun jöfnuð í landinu. Þannig er ekki endilega víst að þó ójöfnuður aukist, að fátækt aukist á sama tíma. Niðurstaðan getur einfaldlega verið sú að ákveðinn hópur hafi meiri tekjur. Þetta á meðal annars við um Gini-kvarðan sem oft er vitnað í þegar menn tala um fátækt.

Í því ljósi er nauðsynlegt að skilgreina framfærslukostnað, enda eru margar ólíkar viðmiðanir notaðar í dag og eru þær ekki allar jafn góðar. Ef það tækist að útbúa samræmda viðmiðun um lágmarksframfærslu má leiða að því líkur að auðveldara verði að draga úr fátækt, þó ávallt verði erfitt að útrýma henni að fullu.

Einnig er gert ráð fyrir að þessi úttekt verði unnin í nánú samstarfi við sveitarfélögin. Ekki er gert ráð fyrir því í tillögum flutningsmanna að verkalýðshreyfingin komi að þessari úttekt, en slíkt er að mati Starfsgreinasambandsins grunnforsenda þess að slík úttekt verði trúverðug. Þá má benda félagsmálanefnd á að Alþýðusamband Íslands vinnur þessa daganna að úttekt á fátækt og hefur kallað til fjölmarga aðila til að greina stöðuna. Einnig lagði ASÍ fram ítarlegar tillögur um úrbætur í velferðarmálum á síðasta ársfundi sínum haustið 2002.

Starfsgreinasamband Íslands telur því mikilvægt að unnið sé að því að samræma aðferðafræði til að mæla umfang fátæktar. Þá þarf einnig að skoða aðra þætti svo sem orsakir og afleiðingar. Til þess að allir komi til með að samþykkja slíka úttekt og aðferðafræði þarf að vinna málið í samráði við breiðan hóp hagsmunaaðila sem og aðila atvinnulífsins. Annars munu menn ekki viðurkenna niðurstöðurnar.

Fh. Starfsgreinasambands Íslands

  
Kristján Bragason  
framkvæmdastjóri